

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1020

Dagsetning: 19. mars 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV) sat fundinn undir lið 1 til 14, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP) sat fundinn undir liðum 1 til 6, Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 1 til 14, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir og Rósa Eiríksdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 8. Ólafur Þór Magnússon, Arna Þórdís Árnadóttir og A. Þór Þórsson frá STASH sátu fundinn undir lið 9. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 10. Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 11. Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 15.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 12. mars 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál. Umræður um launamál ýmissa heilbrigðisstétta. Rætt um kjör lækna tengt álagi vegna undirmönnunar. Einnig umræður um laun sérnámslækna og hjúkrunarfræðinga.

### 4. Fyrirspurn um samning við SÍ

Umræður um fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu um afstöðu HH til þess hvort gera eigi samning við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur heilsugæslustöðva stofnunarinnar. Minnisblað þar sem afstaða HH kemur fram var kynnt á fundi í heilbrigðisráðuneytinu. Forstjóri mun fylgja málinu eftir með samtölum við heilbrigðisráðherra og starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins verði óskað eftir því.

### 5. Upplýsingamiðstöð HH

Rætt var um kynningarmál vegna Upplýsingamiðstöðvar HH. Auglýsingar sem heilbrigðisráðuneytið lét hanna og kostaði birtingar á hætta að birtast í lok mars og hefur ráðuneytið formlega fært það verkefni yfir til HH. Auglýsingastofan sem sá um þá herferð hefur verið upplýst um að herferðin verði stöðvuð nú um mánaðarmótin. Kynningarmál miðstöðvarinnar verða skoðuð í samráði við stjórnendur hennar.

## 6. Húsnæðismál

Umræður um ýmis húsnæðismál. Rætt var um stöðu viðgerða eftir tjón af völdum reyks í Heilsugæslunni Garðabæ. Stöðin er nú opin í Þönglabakka 1 og tekið á móti skjólstæðingum þangað til hægt verður að flytja inn í húsnæði stöðvarinnar á Garðatorgi. Einnig var rætt um hljóðvist í Vegmúla og mögulegar úrbætur. Rætt var um nýtingu á húsnæði í Hraunbæ þegar Heilsugæslan Grafarvogi flytur aftur í Spöngina.

## 7. Staða heilsugæslustöðva

Rætt var um stöðuna á nokkrum heilsugæslustöðvum sem hafa verið í erfiðri stöðu og næstu skref.

## 8. Móttaka nýrra stjórnenda

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir og Rósa Eiríksdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn og kynntu verklag við móttöku nýrra stjórnenda sem byggir á verklagi við móttöku nýrra starfsmanna. Framkvæmdastjórn samþykkti verklagið og verður það kynnt starfsfólki.

## 9. Starfsmannafélag skrifstofu heilsugæslunnar

Ólafur Þór Magnússon, Arna Þórdís Árnadóttir og A. Þór Þórsson frá Starfsmannafélagi skrifstofu heilsugæslunnar, STASH, komu á fundinn og ræddu fyrirhugaða borgarferð félagsins í haust. Framkvæmdastjórn tók vel í að styrkja starfsmannafélagið með sambærilegum hætti og hefð er fyrir.

## 10. Kostnaður við bílastæði

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti drög að verklagsreglum um endurgreiðslu á kostnaði við bílastæði fyrir starfsfólk Heilsugæslunnar Miðbæ og Heilbrigðisskoðun innflytjenda.

## 11. Stofnun ársins

Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins fyrir HH. Framkvæmdastjórn óskaði eftir því að niðurstöðurnar verði kynntar á fundi fagstjóra á fimmtudag og mun Sigurborg taka það að sér.

## 12. Meðgöngusýki

Rætt um að auka við sérfræðipækkingu innan HH um meðgöngusýki með tímabundinni ráðningu ljósmóður með sérfræðipækkingu á málafloknum. Framkvæmdastjórn samþykkti að reynt verði að ráða ljósmóður með viðeigandi sérfræðipækkingu.

## 13. Gott að eldast

Vinna við verkefnið Gott að eldast heldur áfram og er unnið að því að gera viðauka við samning um þjónustu við Eir um heimahjúkrun í Mosfellsbæ.

## 14. Heilsueflandi móttökur

Upplýst var um að til standi að fara í örútboð á fyrsta fasa á rafrænum lausnum tengt heilsueflandi móttökum.

## Önnur mál

### 15. Stofnanasamningur við Visku

Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafi komi á fundinn og ræddi um stöðu vinnu við endurnýjun stofnanasamnings við Fræðagarð, nú Visku stéttafélag.

### Aðgerðir og verkefni

- Ljúka þarf vinnu við útfærslu á kjarabótum vegna álags fyrir lækna, sjá lið 3.  
Ábyrgð: SDM
- Ljúka þarf vinnu við breytingar á launakjörum sérnámslækna, sjá lið 3.  
Ábyrgð: NSK
- Ljúka þarf vinnu við breytinagar á launakjörum hjúkrunarfræðinga, sjá lið 3.  
Ábyrgð: ASV
- Fylgja þarf eftir minnisblaði HH með samtölum við heilbrigðisráðherra og starfsfólk heilbrigðisráðuneytisins verði óskað eftir því, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SDM
- Skoða þarf kynningarmál Upplýsingamiðstöðvar HH í samráði við stjórnendur hennar, sjá lið 5.  
Ábyrgð: BJ
- Halda þarf áfram vinnu við ýmis húsnæðismál, sjá lið 6.  
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf áfram með heilsugæslustöðvum sem hafa verið í erfiðri stöðu, sjá lið 7.  
Ábyrgð: NSK
- Kynna þarf nýtt verklag við móttöku nýrra stjórnenda, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SKP
- Útfæra þarf stuðning við STASH, sjá lið 9.  
Ábyrgð: HP
- Ljúka þarf vinnu við útfærslu á endurgreiðslu bílastæðakostnaðar, sjá lið 10.  
Ábyrgð: SKP
- Kynna þarf niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins fyrir stjórnendum og starfsfólki einstakra starfsstöðva, sjá lið 11.  
Ábyrgð: SKP
- Kanna þarf hvort hægt sé að ráða tímabundið ljósmóður með sérþekkingu á meðgöngusykursýki, sjá lið 12.  
Ábyrgð: ASV
- Ljúka þarf vinnu við gerð viðauka við samning um heimahjúkrun í Mosfellsbæ, sjá lið 13.  
Ábyrgð: ASV
- Halda þarf áfram vinnu við rafrænar lausnir tengt heilsueflandi móttökum, sjá lið 14.  
Ábyrgð: ASV
- Vinna þarf áfram að gerð stofnanasamnings við stéttarfélagið Visku, sjá lið 15.  
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:05.